

HMS

STAÐFESTING

Á NOTHÆFI BYGGINGARVÖRU

Hjól atvinnulífsins kt.5811033010

Tengiliður: Örn Pálmason

Númer: 202112-0002

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga um byggingarvörur nr. 114/2014 staðfestir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eftirfarandi nothæfi byggingarvörunnar:

EI 60 hurð af gerð (BD-dør 60 Glat dør)

Viðbragð við bruna/brunamótstaða:

EI 60-CS₂₀₀ / EI 60-S₂₀₀

Gildistími: 31.11.2024 eða þar til krafa um CE-merkingu tekur gildi

Tæknilysing: Um er að ræða hliðarhengda brunahólfandi EI60 hurð kölluð BD - dør glat og karm sem framleiddir eru hjá Vahle A/S og flutt inn af Hjól atvinnulífsins ehf, 581103-3010.


- Uppbygging hurða og karma skal vera í samræmi lýsingu framleiðanda.
- Allir íhlutir skulu vera CE vottaðir/merktir eftir því sem við á.
- Stærð hurðarfleka skal ekki vera meiri en 930 x 2345 mm skv. lýsingu prófunaraðila.
- Uppbygging hurðarinnar, karms og þröskulds skal vera í samræmi við það sem lýst er í innsendum til HMS gögnum/prófunum á hurðunum.
- Ísetning hurða, festingar og þétting inn í karm og milli karms og veggja, skal gerð í samræmi við leiðbeiningar innflytjanda og leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.
- Til að hurðin flokkist sem EI 60-S₂₀₀ skal hurðin vera útbúin viðurkenndum reykþéttlistum og þanlistum
- Til að hurðin flokkist sem EI 60-CS₂₀₀ skal auk þess sett á hurðina CE vottuð dýrapumpa.
- Veggir sem hurðirnar eru settar í skulu hafa brunamótstöðu minnst EI60 og með nægjanlegum styrk til að bera þyngd hurðarinnar.
- Hver einstök hurð skal greinilega merkt í bakkanti hurðar við efstu lóm með nafni og heimilisfangi framleiðanda, með brunaeiginleikum/brunamótstöðu viðkomandi hurðar, og með nafni staðfestingaraðila (HMS) og númeri staðfestingar á nothæfi.

Prófun: Framangreind byggingarvara er framleidd undir skjalfestri og stöðugri innri framleiðslustýringu, sbr. 11. gr. laga um byggingarvörur, og samkvæmt gæðakerfi Vahle A/S. Varðandi framangreinda brunaflokkun hurðarinnar þá byggist hún á prófun nr. PGA10400a og PGA10400b frá Dansk Brand og Sikringsteknisk institut, DBI. Prófun fór fram 12 apríl 2013 í samræmi við staðalinn EN1634-1.

Staðfesting þessi er gefin út á grundvelli 1. mgr. 12. gr. laga um byggingarvörur. Staðfestingin fellur úr gildi ef gerð er krafa um CE-merkingu vörunnar samkvæmt ákvæðum laga um byggingarvörur á gildistíma staðfestingarinnar og merki um brunamótstöðu ísamræmi við staðalinn EN13501-1.

Reykjavík, 1. desember 2021

F.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar



Dofri Þórðarson

STAÐFESTING Á NOTHÆFI BYGGINGARVÖRU

LÖG UM BYGGINGARVÖRUR NR. 114/2014.

12. gr. *Krafa um staðfestingu óháðs aðila.*

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal afla staðfestingar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eða annars aðila sem ráðherra viðurkennir á nothæfi byggingarvöru með tilliti til brunapöls og brunaeiginleika byggingarvöru, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. 10. gr.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal afla staðfestingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eða annars aðila sem ráðherra viðurkennir á nothæfi byggingarvöru með tilliti til þeirra eiginleika og þátta sem falla undir 2. mgr. 10. gr., að undanskildum 1. og 2. tölul., og 4. mgr. 10. gr.

Sá sem óskar staðfestingar samkvæmt þessari grein skal greiða þann kostnað sem af henni hlýst. Gjald fyrir staðfestingu skal ákveðið í gjaldskrá viðkomandi stofnunar. Upphæð gjaldsins skal taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður.

Við staðfestingu, þ.m.t. ákvörðun um frekari gerðarprófun skv. 2. mgr. 11. gr., skal höfð hliðsjón af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um hlutverk framleiðanda og tilkynnts aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur, en ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um einstaka vörflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur.